

Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar
um friðlýst svæði og landvörslu.

1. Hvað eru friðlýst svæði mörg á landinu?

Á Íslandi eru alls 108 friðlýst svæði, þ.e. svæði friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd sem flokkast í þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti, búsvæði og fólkvanga ásamt svæðum sem njóta verndar samkvæmt sérlögum á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

2. Á hvað mörgum stöðum starfa landverðir?

Í samræmi við 29. gr. laga um náttúruvernd starfa landverðir á náttúruverndarsvæðum við umsjón, eftirlit og fræðslu yfir sumarmánuðina og er um tímabundið starf að ræða. Á vegum stofnana umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, þ.e. hjá Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarði, starfa einnig þjóðgarðsverðir og sérfræðingar sem hafa fasta búsetu innan verndarsvæðisins eða í næsta nágrenni. Á vegum Umhverfisstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs störfuðu landverðir á 24 svæðum sumarið 2012 og sinntu þeir jafnframt eftirliti á 22 öðrum svæðum.

Umhverfisstofnun er sú stofnun hér á landi sem hefur umsjón með flestum friðlýstum svæðum. Landverðir Umhverfisstofnunar starfa nú á átta svæðum en hafa auk þess eftirlit með 22 öðrum svæðum. Sumarið 2012 störfuðu landverðir á vegum stofnunarinnar í tímabundnum störfum á eftirtöldum svæðum:

- Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og hafa landverðir þar einnig umsjón með náttúruvættinu Bárðarlaug, friðlandinu á ströndinni við Stapa og Hellna og friðlandinu á Búðum.
- Verndarsvæði Mývatns og Laxár ásamt friðlandinu Dimmuborgum, náttúruvættinu Hverfelli og náttúruvættinu Skútustaðagígum.
- Friðlandinu Hornströndum.
- Látrabjargi.
- Á Suðurlandi er svæðalandvarsla og hefur landvörður megináðstöðu í friðlandi að Fjallabaki en sinnir einnig eftirliti með friðlandinu við Gullfoss, friðlandinu Pollengi og Tunguey ásamt Geysissvæðinu í Haukadal en það svæði hefur ekki verið friðlýst.
- Á Vesturlandi er svæðalandvarsla og hefur landvörður eftirlit með náttúruvættinu Grábrókargígum, náttúruvættinu Eldborg í Hnappadal, náttúruvættinu Hraunfossam og Barnafossi, friðlandinu Húsafelli, náttúruvættinu Steðja, friðlandinu í Geitlandi, friðlandinu Grunnafirði, friðlandinu Blautósi og Innstavogsnesi og friðlandinu Vatnshornsskógi.
- Í friðlandinu Vatnsfirði og hefur landvörður einnig eftirlit með náttúruvættinu Surtarbrandsgili og náttúruvættinu Dynjanda.
- Á miðhálandinu er svæðalandvarsla og hefur landvörður megináðstöðu í náttúruvættinu á Hveravöllum og eftirlit með friðlandinu í Guðlaugstungum og friðlandinu í Þjórsárverum.

Vatnajökulsþjóðgarður hefur umsjón með þjóðgarðslandinu og starfa landverðir á þeirra vegum á 16 svæðum. Sumarið 2012 störfuðu landverðir á vegum stofnunarinnar í tíma-bundnum störfum á eftirtöldum stöðum:

- Ásbyrgi.
- Jökulsárgljúfrum.
- Dettifossi.
- Öskju.
- Herðubreiðarlindum.
- Hvannalindum.
- Kverkfjöllum.
- Snæfelli.
- Lónsöræfum.
- Í nágrenni Hafnar í Hornafirði, en þar hefur landvörður eftirlit á Heinabergssvæði, við Hoffell og við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi.
- Skaftafelli.
- Lakagígasvæðinu.
- Við Eldgjá.
- Við Langasjó.
- Á Tungnaáröræfum.
- Út frá Nýjadal, þ.e. í Vonarskarði og Gjallandi.

Þá má geta þess að í friðlandinu í Dyrhólaey starfar einn landvörður yfir sumarmánuðina sem er starfsmaður sveitarfélagsins.

3. *Hvað eru landverðir margir og í hve mörgum stöðugildum?*

Á vegum Umhverfisstofnunar störfuðu 20 landverðir í alls 190 vinnuvikur sumarið 2012. Á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs störfuðu 37,5 landverðir í alls 448 vinnuvikur sumarið 2012.

Eins og fram kemur hér að framan starfa einnig þjóðgarðsverðir og sérfræðingar í heilsársstöðum hjá stofnununum, en þessir starfsmenn sinna landvörslu með öðrum hefðbundnum störfum yfir sumarmánuðina. Fjöldi þeirra árið 2012 er sem hér segir: Hjá Umhverfisstofnun starfa sex, þ.e. tveir á Snæfellsnesi, einn í Mývatnssveit, tveir á Vestfjörðum og einn í Vestmannaeyjum. Hjá Vatnajökulsþjóðgarði starfa 10, þ.e. þrír á norðursvæði, tveir á austursvæði, þrír á suðursvæði og tveir á vestursvæði.

4. *Er til regla um það hver greiðir laun og annan kostnað á friðlýstum svæðum, og þá hver? Efslík regla er ekki til óskast sundurliðun á fyrirkomulagi greiðslna á hverju friðlýstu svæði fyrir sig.*

Laun landvarða eru greidd af viðkomandi stofnun í samræmi við kjarasamning Landvarðafélags Íslands sem er í Starfsgreinasambandinu.

Þá er stofnasamningur Umhverfisstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir hönd Landvarðafélags Ísland þar sem kveðið er frekar á um ýmis réttindi landvarða.

Annar tengdur kostnaður vegna útgjalda við landvörslu er hluti af rekstrarkostnaði stofnananna.